

STARFSREGLUR STJÓRNAR ÍSLANDSSJÓÐA HF.

Útgáfudagsetning: 22. október 2024

Reglur þessar eru settar á grundvelli 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.¹ Tekið er mið af sameiginlegum viðmiðunarreglum EBA og ESMA um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna (EBA/GL/2021/06 – ESMA35-36-2319) eftir því sem við á.

I. KAFLI ALMENN ATRIÐI

1. gr. Framkvæmd starfa stjórnar og ábyrgð hennar

Stjórn félagsins fer samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og samþykktum félagsins með æðsta vald í málefnum þess milli hluthafafunda. Stjórn ber að stuðla að viðgangi félagsins og hafa yfirumsjón með rekstri þess í heild, þannig að skipulag félagsins og rekstur sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Stjórn ber ábyrgð á starfsemi og stefnumótun félagsins sem og áhættustefnu og að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits sem samræmist ofangreindum lögum. Stjórn ber ábyrgð á að eftirlit sé viðhaft með bókhaldi og að meðferð fjármuna félagsins sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda. Stjórn ber jafnframt ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag stuðli að skilvirkri og varfærinni stjórn félagsins, aðskilnaði starfa og að gripið sé til allra eðlilegra ráðstafana til þess að greina, koma í veg fyrir, stýra og vakta hagsmunaárekstra.

Stjórn fjallar um allar ákvarðanir er teljast stefnumótandi, óvenjulegar eða mikilsháttar. Við mat á því hvort um stefnumótandi, óvenjulega eða mikilsháttar ákvörðun er að ræða skal líta til stærðar og skipulags félagsins, eðlis starfseminnar og tilgangs ráðstöfunar. Þá skal stjórn ávallt fjalla um stofnun, slit og sameiningu sjóða í rekstri félagsins. Stjórn ber ávallt að ganga úr skugga um að ákvarðanir sem hún tekur og rekstrarstefna sem hún mótar, og framkvæmdastjóri starfar eftir, séu í samræmi við lög og reglur.

Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti.

2. gr. Viðskipti sjóða í rekstri félagsins

Stjórn tekur ekki þátt í ákvörðunum er varða stýringu á verðbréfasjóðum, sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta eða öðrum sérhæfðum sjóðum, svo sem kaupum, sölu eða veðsetningu eigna.

II. KAFLI HÆFI STJÓRNARMANNA

3. gr. Almennt hæfi

Til þess að teljast almennt hæfir til stjórnarstarfa í félaginu skulu stjórnarmenn uppfylla skilyrði 52. gr. og 52. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki eftir því sem við á hverju sinni, sbr. 11. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og 14. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

¹ Útgefna af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins og tóku gildi 1. júlí 2021.

Uppfylli stjórnarmaður ekki lengur skilyrði um almennt hæfi, tekur varamaður sæti í stjórn en sé engum varamanni er til að dreifa skal efna til kjörs nýs stjórnarmanns fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtíma hins fyrri.

4. gr. Sérstakt hæfi

Stjórnarmenn skulu víkja af fundi séu þeir vanhæfir til að fjalla um mál.

Framkvæmdastjóri eða einstakir stjórnarmenn geta krafist þess að stjórnarmaður taki ekki þátt í umfjöllun um mál og fái ekki afhent gögn vegna vanhæfis til að fjalla um slíkt mál. Stjórn ákveður hvort stjórnarmaður teljist vanhæfur. Framkvæmdastjóri, stjórnarformaður eða aðrir stjórnarmenn geta krafist þess að stjórnarmaður víki sæti áður en efni máls er kynnt og gögn afhent, telji þeir stjórnarmann vanhæfan til meðferðar máls.

Stjórnarmanni ber að upplýsa stjórn um atvik sem geta valdið vanhæfi hans um leið og slík mál koma upp og skal jafnframt gera framkvæmdastjóra eða stjórnarformanni viðvart um slík mál á dagskrá stjórnarfundar áður en fundargögn eru send út fyrir viðkomandi fund.

Stjórnarmenn skulu ekki taka þátt í meðferð mála sem varða viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga beinan eða óbeinan eignarhlut í, eru fyrirsvarsmenn fyrir, sitja í stjórn hjá eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um viðskipti aðila sem eru tengdir stjórnarmönnum persónulega eða fjárhagslega. Ekki skulu stjórnarmenn taka þátt í meðferð mála sem varða viðskipti samkeppnisaðila þeirra eða aðila þeim tengdum. Þá mega stjórnarmenn ekki koma fram sem umboðsaðilar gagnvart félaginu. Séu stjórnarmenn vanhæfir til afgreiðslu máls skulu þeir ekki hafa aðgang að gögnum og upplýsingum sem málið varða.

5. gr. Sjálfstæði stjórnarmanna

Leitast skal við að tryggja að meirihluti stjórnar sé óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum, sem ráða yfir a.m.k. 10% af heildarhlutafé eða atkvæðavægi í félaginu, einir sér eða í samstarfi við nátengda aðila.

Stjórnarmaður telst ekki óháður félaginu ef eitthvert eftirtalinna atvika á við:

1. Hann er eða hefur verið starfsmaður félagsins eða félaga í samstæðu félagsins undanfarandi þrjú ár;
2. Hann þiggur eða hefur þegið verulegar greiðslur frá félaginu, nátengdu félagi eða daglegum stjórnendum þess, fyrir utan laun sem hann fær sem stjórnarmaður, t.d. sem ráðgjafi eða verktaki, undanfarin þrjú ár;
3. Hann er tengdur nánnum fjölskylduböndum einhverjum af ráðgjöfum, endurskoðendum, stjórnarmönnum eða daglegum stjórnendum félagsins;
4. Hann er einn af daglegum stjórnendum í öðru fyrirtæki sem er í umtalsverðum viðskiptum við félagið;
5. Hann er einn af daglegum stjórnendum fyrirtækis þar sem annar af daglegum stjórnendum félagsins situr sem stjórnarmaður;
6. Hann er eða hefur verið síðastliðið ár, í miklum viðskiptum við félagið eða nátengd félög, eða hefur mikilla annarra viðskiptahagsmuna að gæta í félaginu, hvort heldur persónulega eða í gegnum félög;
7. Hann er aðili að árangurstengdu umbunarkerfi hjá félaginu;

8. Hann er, eða hefur verið undandarin þrjú ár meðeigandi ytri endurskoðanda félagsins eða nátengds félags, eða starfsmaður sem hefur tekið þátt í ytri endurskoðun félagsins;
9. Hann er stjórnarmaður eða lykilstarfsmaður móðurfélags félagsins eða stjórnarmaður eða starfsmaður vörsluaðila sjóða í rekstri félagsins. Stjórnarmaður vörsluaðila sjóða í rekstri félagsins má ekki vera stjórnarmaður félagsins;
10. Hann hefur bein eða óbein yfirráð yfir félaginu eða er stjórnarmaður hjá aðila sem hefur yfirráð yfir félaginu;
11. Hann á stóran hlut í félaginu eða er stjórnarmaður eða starfsmaður hjá aðila sem á stóran hlut í félaginu;
12. Ef einhver af ákvæðum liðs 1.-8. hér að framan eiga við um samband stjórnarmanns við stóran hluthafa (hluthafi er í þeim tilvikum félag);
13. Stjórn er kunnugt um önnur atriði, þar sem hagsmunir stjórnarmanna og félagsins geta skarast verulega.

Sem hluti að vinnu fyrir gerð ársskýrslu félagsins, skal stjórn meta hvort hver stjórnarmaður sé óháður félaginu, og/eða stórum hluthöfum félagsins, og skýra frá niðurstöðu sinni í ársskýrslu félagsins. Ef meirihluti stjórnar er ekki óháður félaginu skal vekja sérstaka athygli á slíku í ársskýrslu félagsins.

Stjórn skal einnig meta óhæði frambjóðenda til stjórnar fyrir aðalfund félagsins eða hluthafafundi þar sem fram fer stjórnarkjör og gera niðurstöðu sína aðgengilega hluthöfum.

III. KAFLI UPPLÝSINGAGJÖF OG ÞAGNARSKYLDA

6. gr. Upplýsingagjöf stjórnarmanna

Til að stjórn sé unnt að meta sjálfstæði stjórnarmanna skv. 5. gr. starfsreglna þessara, skulu bæði aðalmenn og varamenn í stjórn leggja fram allar upplýsingar sem stjórn metur nauðsynlegar til að framkvæma ofangreint mat. Þá skulu stjórnarmenn tilkynna stjórn, svo fljótt sem auðið er, ef breytingar verða á högum þeirra sem geta haft áhrif á mat stjórnar á sjálfstæði þeirra.

Stjórnarmenn skulu, er þeir taka sæti í stjórn félagsins, veita upplýsingar um þá aðila sem þeir tengjast með þeim hætti sem lýst er í 4. mgr. 4. grein, óski stjórn eftir því.

7. gr. Meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

Viðskipti stjórnarmanna sjálfra og framkvæmdastjóra, eða fyrirtækja sem þeir eiga beinan eða óbeinan eignarhlut í, eru fyrirsvarsmenn fyrir, sitja í stjórn hjá eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í, við félagið, skulu lögð fyrir stjórn eða formann stjórnar til samþykktar eða synjunar. Þrátt fyrir framangreint skal félaginu heimilt að afgreiða einstök viðskiptaerindi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, án sérstakrar heimildar stjórnar, eða formanns stjórnar, enda uppfylli viðskiptin eftirfarandi skilyrði:

1. Að um sé að ræða viðskipti þar sem viðkomandi aðili hefur undirgengist almenna skilmála vegna tiltekinnar tegundar af viðskiptum;
2. Að kjör í viðskiptum taki mið af því sem almennt gerist á viðkomandi sviði, og að ekki sé um að ræða sérkjör eða sérstaka afslætti;
3. Að viðskipti séu afgreidd á sama hátt og önnur sambærileg viðskipti ótengdra aðila;

Stjórn skal reglulega og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega upplýst um öll afgreidd viðskiptaerindi og kjör slíkra aðila sem falla ekki undir töluliði 1.-3.

8. gr. Sérstök upplýsingagjöf

Eftirfarandi upplýsingar um fjármál, uppbyggingu og rekstur félagsins skal m.a. leggja fyrir stjórn:

1. Reglubundnar skýrslur um rekstur félagsins;
2. Reglubundnar skýrslur um eftirlit sjóða;
3. Kannað sex mánaða uppgjör skal lagt fyrir stjórn eigi síðar en fyrir lok ágúst mánaðar. Endurskoðuðu uppgjóri félagsins skal lokið fyrir lok mars ár hvert. Fulltrúar endurskoðunar- fyrirtækis félagsins skulu vera viðstaddir kynningu endurskoðaðra og kannaðra uppgjöra;
4. Innri endurskoðandi félagsins skal kynna stjórn starfsemi sína a.m.k. tvisvar á ári;
5. Rekstraráætlun fyrir komandi rekstrarár félagsins skal lögð fyrir stjórn á síðasta ársfjórðungi hvers árs.

Stjórnarmenn eiga rétt á öllum upplýsingum sem varða rekstur félagsins, sem þeir telja nauðsynlegar til að rækja störf sín, þó þannig að stjórnarmenn skulu ekki hafa aðgang að upplýsingum sem snerta hag einstakra viðskiptamanna félagsins.

Einstökum stjórnarmönnum skal almennt séð ekki heimilt að hafa samband við starfsmenn félagsins í því skyni að afla sér upplýsinga milli funda, nema þegar að sérstakar aðstæður eru uppi eða þegar beðið er um umfjöllum um málefni sem hluti af undirbúningi fyrir stjórnarfundum. Berist starfsmönnum slík beiðni skal gera framkvæmdastjóra viðvart. Svör við fyrirspurnum frá stjórnarmönnum eru rædd á næsta stjórnarfundum.

Komi til samskipta milli stjórnarmanna og/eða milli stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félagsins utan stjórnarfunda skal upplýst um þau við upphaf næsta stjórnarfundar varði þau ákvarðanir stjórnar eða forsendur ákvarðana stjórnar.

Upplýsingar skal að jafnaði leggja fyrir stjórn með skriflegum hætti, nema stjórn samþykki annað. Upplýsingar sem stjórn kann að óska eftir aðgangi að, skal leggja fyrir eða kynna stjórn, svo fljótt sem auðið er, frá því beiðni kemur fram um upplýsingar.

Stjórn tekur að öðru leyti afstöðu til túlkunar á upplýsingagjöfni.

Við upphaf hvers kjörtímabils stjórnar skal fara sérstaklega yfir rekstur og starfsemi félagsins sem og skyldur og ábyrgð stjórnarmanna með nýkjörnum stjórnarmönnum og varamönnum.

9. gr. Trúnaður og þagnarskylda

Stjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfs síns og varðar getur viðskipta- eða einkamálefni einstakra viðskiptamanna félagsins, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Sá sem veitir slíkum upplýsingum viðtöku er bundinn þagnarskyldu með sama hætti. Sá sem veitir upplýsingar skal áminna viðtakanda um þagnarskylduna.

Trúnaðarskylda hvílir jafnframt á stjórnarmönnum um málefni félagsins, hagi starfsmanna og önnur atriði sem stjórn fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt lögum eða samkvæmt eðli máls.

Þagnarskyldan og trúnaðarskylda helst þótt látið sé af starfi. Almennt skal ekki fjalla opinberlega um umræður, ákvarðanir og afgreiðslur einstakra mála hjá stjórn nema slíkt sé sérstaklega samþykkt af stjórn.

IV. KAFLI

HLUTVERK STJÓRNAR OG FRAMVÆMDASTJÓRA

10. gr. Hlutverk stjórnarformanns

Formaður stjórnar skal sjá til þess að stjórn gegni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulegum hætti. Formaður stjórnar kemur fram út á við fyrir hönd stjórnar félagsins en varaformaður í hans fjarveru. Helstu verkefni stjórnarformanns eru eftirfarandi:

- Að stuðla að því að verklag stjórnar sé í samræmi við lög, reglur og góða stjórnarhætti og að stjórn séu búnar sem bestu starfsaðstæður;
- Boðun stjórnarfunda;
- Að semja dagskrá stjórnarfunda, í samráði við framkvæmdastjóra og ritara stjórnar;
- Að stýra stjórnarfundum og sjá til þess að nægur tími sé gefinn til umræðna og ákvarðanatöku, sérstaklega hvað varðar stór og flókin mál;
- Að halda öllum stjórnarmönnum upplýstum um málefni sem varða félagið og tryggja að stjórn fái almennt í störfum sínum nákvæmar og skýrar upplýsingar og gögn til geta sinnt starfi sínu;
- Að stuðla að virkri þátttöku allra stjórnarmanna í umræðu og ákvarðanatöku;
- Að sjá til þess að starfsreglur stjórnar séu yfirfarnar reglulega;
- Að bera ábyrgð á samskiptum stjórnar við hluthafa félagsins og að upplýsa stjórnina um sjónarmið hluthafa;
- Að vera talsmaður stjórnar gagnvart fjölmiðlum, hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum;
- Að sjá til þess að nýir stjórnarmenn fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum og málefnum félagsins, m.a. stefnu, markmið, áhættuviðmið og rekstur;
- Að fylgjast með framvindu ákvarðana stjórnarinnar innan félagsins;
- Að sjá til þess að stjórn meti árlega störf sín og undirnefnda.

Stjórnarformanni er óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem geta talist eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn félagsins felur honum að vinna fyrir sig.

11. gr. Hlutverk stjórnar

Stjórnarmenn skulu kynna sér þau lög og reglur sem um starfsemi félagsins gilda og hafa skilning á hlutverki og ábyrgð sinni sem stjórnarmenn. Jafnframt þurfa stjórnarmenn að:

- Taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig;
- Hafa skilning á markmiðum og verkefnum félagsins og annast þau verkefni sem stjórn er falið samkvæmt samþykktum félagsins;
- Tryggja að til staðar sé innra eftirlit og að ákvörðunum stjórnar sé framfylgt svo og að lögum og reglum sé fylgt í rekstri félagsins;
- Að annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í góðu horfi og að hagsmuna allra hluthafa sé ávallt gætt;

- Haga störfum sínum í samræmi við góða stjórnarhætti, sbr. leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnar af Viðskiptaráði, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins;
- Koma í veg fyrir hagsmunaárekstra milli þeirra og félagsins vegna beinna og óbeinna persónulegra eða viðskiptatengdra málefna þeirra;
- Samþykka áhættustefnu, áhættuvilja og framkvæmd áhættustýringar og tryggja að innri ferlar vegna áhættustýringar séu yfirfarnir eigi sjaldnar en árlega;
- Samþykka fjárfestingarstefnur, reglur og þar með áhættustefnu allra sjóða í rekstri félagsins og breytingar á þeim.
- Hafa yfirsýn yfir þau mál sem eru unnin af undirnefndum og vera meðvitaðir um að ákvörðunarvald er á hendi stjórnarinnar allrar; og
- Hafa nægan tíma til að sinna starfi sínu af heilindum.

Störf stjórnar eiga almennt að fara fram á stjórnarfundum. Komi til samráðs milli stjórnarmanna eða milli stjórnarmanna og stjórnenda eða annarra starfsmanna félagsins utan stjórnarfunda skal upplýst um það við upphaf næsta stjórnarfundar varði þau ákvarðanir stjórnar eða forsendur ákvarðana stjórnar. Bóka skal í fundargerð stjórnar hvort slík samskipti hafi átt sér stað.

Stjórnarmenn skulu hafa aðgang að sjálfstæðri sérfræðiráðgjöf á kostnað félagsins, telji þeir nauðsyn á slíku til að taka sjálfstæðar og upplýstar ákvarðanir.

12. gr. Seta stjórnarmanna í stjórnnum dóttur- og hlutdeildarfyrirtækja

Komi til stofnunar dótturfélags skulu stjórnarmenn ekki setjast í stjórn þess nema nauðsyn beri til vegna eðlis stjórnarstarfsins.

Áður en ákvörðun er tekin um að stjórnarmaður taki að sér stjórnarstarf í dótturfélagi eða hlutdeildarfélagi skal stjórn fjalla sérstaklega um áhrif stjórnarsetunnar á eftirlitshlutverk stjórnarmannsins og rökstyðja í fundargerð nauðsyn þess að stjórnarmaðurinn taki sæti í stjórninni.

13. gr. Önnur störf stjórnarmanna

Stjórnarmenn skulu verja fullnægjandi tíma í störf sín í þágu félagsins og uppfylla skilyrði 52. gr. a. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, varðandi önnur störf stjórnarmanna.

14. gr. Ritun firma

Tveir stjórnarmenn rita firma félagsins í samræmi við samþykktir félagsins.

15. gr. Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða hefðbundinn rekstur í samræmi við starfslýsingu, lög, samþykktir og mótaða stefnu félagsins auk ákvarðana stjórnar.

Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar eins og til dæmis viðskipti með eignir félagsins, uppsögn á mikilvægum samningum félagsins eða veðsetning á eignum þess, nema að fenginni heimild frá stjórn.

Framkvæmdastjóri sér um reikningshald, meðferð fjármuna og ráðningu starfslíðs.

Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber lögum samkvæmt. Framkvæmdastjóri annast samskipti við endurskoðendur félagsins, eftir atvikum í samráði við stjórn.

Framkvæmdastjóra er óheimilt, nema að fengnu leyfi stjórnar, að sitja í stjórn stofnana og félaga eða taka þátt í öðrum atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað. Stjórn hefur eftirfarandi viðmið í huga vegna stjórnarsetu framkvæmdastjóra:

- a) Seta í stjórnnum félaga tengdu starfi hans skal almennt samþykkt. Gæta þarf að umfang og fjöldi stjórnarsetu sé ekki til þess fallin að framkvæmdastjóri hafi ekki nægan tíma til sinna starfi sínu af heilindum. Auk þess þarf að gæta að mögulegum hagsmunaárekstrum hverju sinni.
- b) Seta í stjórn eigin eignarhaldsfélags skal almennt samþykkt. Gæta þarf að umsvif slíks eignarhaldsfélags teljist eðlileg að mati stjórnar.
- c) Setja í stjórnnum annarra félaga, atvinnufyrirtækja eða stofnana skal almennt ekki samþykkt. Framkvæmdastjóri getur fært rökstuðning fyrir slíkri stjórnarsetu sem stjórn tekur til meðferðar.

Samningar um lán, ábyrgðir, kauprétti eða önnur sambærileg viðskipti af hálfu Íslandssjóða eða sjóða í rekstri félagsins við framkvæmdastjóra eru háð samþykki stjórnar. Ákvörðun um slíkt skal bókuð og tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Sama gildir einnig um nána fjölskyldumeðlimi framkvæmdastjóra.

V. KAFLI FUNDARSKÖP

16. gr. Boðun funda stjórnar

Stjórnarformaður, framkvæmdastjóri eða lögfræðingur félagsins, í umboði formanns, boða fundi stjórnar. Fundi skal halda eins oft og þurfa þykir, þó þannig að reglulegir fundir séu að jafnaði haldnir mánaðarlega. Nú kemur fram beiðni frá stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra um boðun fundar og skal þá halda fund svo fljótt sem auðið er.

Nú tilkynnir aðalmaður stjórnar forföll og boðar framkvæmdastjóri þá varamann í samráði við stjórnarformann félagsins ef tími gefst til og nauðsyn krefur. Sjá einnig 17. gr.

Dagskrá funda stjórnar ásamt viðeigandi fundargögnum skal að jafnaði senda út til stjórnarmanna a.m.k. tveim dögum fyrir boðaðan fund. Framkvæmdastjóri undirbýr fundi stjórnar í samráði við formann stjórnar.

Fundir skulu að jafnaði haldnir á starfsstöð félagsins nema annað sé sérstaklega ákveðið af formanni stjórnar. Þó er heimilt að halda fundi með aðstoð rafrænna miðla eða símafund og gilda almenn ákvæði starfsreglna þessara um slíka fundi nema annars sé þar getið. Sé um rafrænan fund að ræða eða símafund er heimilt að kynna málefni fundarins skriflega í tölvupósti eða símleiðis og haldin atkvæðagreiðsla meðal stjórnarmanna skriflega í tölvupósti eða símleiðis. Þegar ákvarðanir eru teknar á stjórnarfundi með aðstoð rafrænna miðla eða á símafundi skal fundargerð lögð fyrir næsta stjórnarfund til staðfestingar þar sem getið er með hvaða hætti fundurinn var haldinn.

Stjórn skal hittast a.m.k. árlega á stjórnarfundi án framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna félagsins. Miða skal við að sá fundur eigi sér stað á stjórnarfundi í upphafi hvers árs.

17. gr. Lögmæti funda

Fundur er lögmætur ef þrír stjórnarmenn sækja fund. Varamenn skulu taka sæti aðalmanna í forföllum þeirra í þeim tilvikum þar sem uppfylla þarf skilyrði um lögmæti fundar.

18. gr. Afgreiðsla mála

Formaður stjórnar, og í fjarveru hans varaformaður, stýrir fundum. Í fjarveru formanns og varaformanns stýrir aldursforseti fundum.

Afl atkvæða ræður úrslitum kosninga og afgreiðslu mála á stjórnarfundum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns, en í fjarveru hans ræður atkvæði varaformanns úrslitum.

Sé fundur eigi fullskipaður þurfa ávallt þrír stjórnarmenn að mæta til fundar til afgreiðslu einstakra mála.

Mál skulu almennt ekki borin upp til ákvörðunar á stjórnarfundum nema því aðeins að stjórnarmenn hafi fengið gögn málsins eða fullnægjandi upplýsingar um það fyrir fundinn og haft tíma til að kynna sér efni þess. Gögn sem innihalda upplýsingar um fjárhagsleg málefni einstakra viðskiptamanna félagsins skulu þó ekki send út fyrir félagið. Slíkum gögnum skal einungis dreift til stjórnarmanna á fundum stjórnar og skulu stjórnarmenn skila þeim aftur til félagsins við lok fundar. Framkvæmdastjóri og/eða stjórnarformaður geta jafnframt ákveðið að stjórnarmenn skuli skila fundargögnum um einstök mál. Gögn sem dreift er til stjórnarmanna skulu lögð upp með fundargerð stjórnar.

Mál til ákvörðunar skulu almennt lögð fyrir stjórn skriflega. Séu mál lögð fram á stjórnarfundum til kynningar getur slík kynning verið munnleg.

19. gr. Fundarseta annarra en stjórnarmanna

Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Framkvæmdastjóri skal þó víkja af fundi séu persónuleg málefni hans til umræðu eða ef hann er vanhæfur til að fjalla um viðkomandi mál, í samræmi við þær reglur sem gilda um sérstakt hæfi stjórnarmanna.

Stjórn ákveður hvort og hvenær aðrir starfsmenn félagsins sitja stjórnarfundum. Formaður getur ákveðið að bjóða utanaðkomandi aðilum á stjórnarfundum til að kynna ákveðin mál sem varða starfsemi félagsins.

20. gr. Fundargerðir stjórnar

Stjórn skipar fundarritara sem ritar fundargerðir stjórnar. Hver sá sem rétt hefur til að sitja fundum stjórnar hefur rétt til að láta bóka athugasemdir sínar og sérálit í fundargerð vegna málsmeðferðar og afgreiðslu einstakra mála. Stjórnarmaður skal tryggja að stjórnarmið hans tengd einstökum málum séu skráðar í fundargerð sé hann ósáttur við ákvarðanatöku meirihluta stjórnar.

Sérstaklega skal bóka í fundargerð ef stjórnarmaður hefur vikið af fundum vegna þess að hann var ekki hæfur til að fjalla um tiltekið mál og að hann hafi ekki fengið gögn eða upplýsingar vegna slíks máls, sbr. 4. gr.

Stjórnarmenn sem sitja viðkomandi fund skulu staðfesta fundargerð með undirritun sinni ásamt framkvæmdastjóra og fundarritara. Þeir stjórnarmenn sem ekki sitja fundum skulu árita fundargerðina um að þeim hafi verið sýnd fundargerðin og sé kunnugt um efni hennar. Með undirritun er jafnframt átt við undirritun með rafrænum skilríkjum.

Drög að fundargerð síðasta stjórnarfundar skulu send til aðalmanna, auk þeirra varamanna sem sitja viðkomandi fund, eins fljótt og unnt er en að jafnaði eigi síðar en fimm dögum fyrir næsta stjórnarfund.

VI. KAFLI

ÁRANGURSMAT

21. gr. Árangursmat

Stjórn skal, eigi sjaldnar en árlega, meta störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti sem og framgang félagsins. Stjórn getur í því skyni notið utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar, eftir því sem hún metur nauðsynlegt hverju sinni. Við árangursmat leggur stjórn mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum. Niðurstöður árangursmats skal nota til að bæta störf stjórnar.

Stjórn skal, eigi sjaldnar en árlega, meta störf framkvæmdastjóra og rekstur félagsins í heild, svo og störf endurskoðunarnefndar og annarra undirnefnda eftir þörfum. Stjórnendur félagsins skulu að jafnaði ekki sitja fundi stjórnar meðan hún leggur mat á störf þeirra. Stjórnarformaður skal upplýsa framkvæmdastjóra um niðurstöður matsins og samráð skal eiga sér stað á milli stjórnarformanns og framkvæmdastjóra um hvernig megi bæta úr veikleikum og/eða nýta styrkleika.

VII. KAFLI

UNDIRNEFNDIR

22. gr. Endurskoðunarnefnd

Rekstrarfélögum verðbréfasjóða og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða er ekki skylt að starfrækja endurskoðunarnefnd. Þrátt fyrir það hefur stjórn Íslandssjóða ákveðið að skipa endurskoðunarnefnd.

Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn Íslandssjóða eigi síðar en mánuði eftir aðalfund félagsins. Nefndin skal skipuð tveimur til þremur mönnum og skal að lágmarki einn þeirra vera úr stjórninni sjálfri. Sé nefndin skipuð tveimur mönnum skulu þeir báðir vera óháðir félaginu. Stjórn Íslandssjóða tilnefnir formann endurskoðunarnefndar en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

Nefndin starfar í samræmi við erindisbréf endurskoðunarnefndar eins og það er á hverjum tíma og skal erindisbréfið vera samþykkt af stjórn félagsins.

Endurskoðunarnefnd skal árlega gefa stjórn skýrslu um störf nefndarinnar.

Hlutverk endurskoðunarnefndar er m.a. eftirfarandi:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila;
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðunar og áhættustýringu;
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings Íslandssjóða og verðbréfa- og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta í rekstri félagsins, auk sérhæfðra hlutdeildarsjóða, og að reikningurinn uppfylli viðeigandi skilyrði laga og reglna;
4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum þeirra;
5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis með hliðsjón af tillögu endurskoðunarnefndar móðurfélags;
6. Önnur mál sem stjórn felur nefndinni að fjalla um.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna gilda sömu reglur og um stjórn.

23. gr. Starfskjaranefnd

Stjórn Íslandssjóða skipar í starfskjaranefnd eigi síðar en mánuði eftir aðalfund félagsins og skal hún skipuð a.m.k. tveimur mönnum og ákveður stjórn hver skuli vera formaður nefndarinnar.

Meginhlutverk nefndarinnar er að gera tillögu að starfskjarastefnu félagsins hverji sinni og leggja fyrir stjórn til samþykkis.

Formaður nefndarinnar skal upplýsa stjórn árlega um störf nefndarinnar á stjórnarfundum en fyrirkomulag upplýsingjafarinnar getur annað hvort verið munnleg eða í formi skýrslu,

Skipun og hlutverk starfskjaranefndar eru nánar útfærð í erindisbréfi nefndarinnar sem samþykkt skal af stjórn Íslandssjóða.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna gilda sömu reglur og um stjórn.

24. gr. Stofnun annarra undirnefnda

Stjórn skal heimilt að stofna undirnefndir til að fjalla um aðra þætti í rekstri félagsins en 22. og 23. gr. fjalla um.

Við stofnun undirnefnda samkvæmt þessari grein skal stjórn setja viðkomandi undirnefnd sérstakt erindisbréf, þar sem m.a. skipun, formennska, hlutverk og markmið nefndarinnar er skilgreint og reglur sem um störf hennar gilda að öðru leyti.

VIII. KAFLI

BREYTINGAR Á STARFSREGLUM STJÓRNAR OG MEÐFERÐ

25. gr. Breytingar á starfsreglum stjórnar og meðferð

Stjórnarmenn, við setningu starfsreglna þessara, skulu undirrita frumrit þeirra. Starfsreglum þessum verður einungis breytt af stjórn félagsins. Ef stjórn samþykkir breytingar á starfsreglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumrit af reglunum svo breyttum. Nýjum stjórnarmönnum skulu kynntar starfsreglurnar og skulu þeir undirrita frumrit þeirra því til staðfestingar.

Stjórn skal árlega endurskoða stjórnarhætti sína og starfsreglur þessar með tilliti til viðurkenndra leiðbeininga um stjórnarhætti og bregðast við með viðeigandi hætti ef þörf er á.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar Íslandssjóða hf. 22. október 2024.